

Alþingi

Erindi nr. Þ 139/1920

komudagur 4.4.2011

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
Iðnaðarnefnd
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 4. apríl 2011

1103029SA AGB
Málalykill: 317


Efni: Umsögn um tillögu til þál. um ferðamálaáætlun 2011-2020, 467. mál, sbr. tölvupóst nefndasviðs Alþingis frá 24. mars sl.

Sambandið telur að þau meginmarkmið sem sett eru fram í tillögunni muni mynda góðan ramma fyrir framþróun ferðamála næstu árin. Það er ljóst að það eru vaxtarbroddar í þessari atvinnugrein sem nauðsynlegt er að hlúa vel að. Öllu máli skiptir að markmiðunum muni fylgja skýr aðgerðaráætlun með skilgreindum ábyrgðaraðilum og fjármagni til aðgerða. Rétt er að vekja athygli á því að á landsþingi sambandsins, sem var haldið 25. mars sl., voru þátttakendur í umræðum sammála um nauðsyn þess að veita auknu fjármagni til uppbyggingar á ferðamannastöðum. Bæði þurfi að huga að vernd umhverfis og öryggi ferðamanna í því sambandi. Sambandið hefur einnig áður bent á mikilvægi þess að menningartengd ferðaþjónusta njóti stuðnings, sbr. umsögn sambandsins um frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, dags. 22. febrúar sl.

Í athugasemdum við þingsályktunartillöguna er á nokkrum stöðum vísað til stöðu og nauðsynlegs stuðnings við ferðamál í einstökum landshlutum. Þannig kemur fram að það sé mikilvægt að opinber stefna hvetji til þess að við þróun áfangastaða og aðdráttarafls landshluta, sé sérstaða þeirra dregin fram. Mjög mikilvægt sé að lengja ferðamannatímabilið, m.a. með samstilltu átaki innan svæða. Tekið er fram að það veki athygli hve lítið er til af gögnum þar sem skilgreint er hvers konar ferðaþjónustu svæði sækjast eftir og að áherslur um þróun innan svæða og möguleikar hafi ekki verið greindir með markvissum hætti. Greiningu á sérstöðu vanti tilfinnanlega um allt land. Lagt er til að gerðar verði ítarlegar úttektir á auðlindum og innviðum ferðaþjónustu á hverju landsvæði sem kortlagðar verði í landfræðilegu upplýsingakerfi. Brynt sé að öll landsvæði hafi sambærilegan grunn til að vinna stefnumótun og þróa vörur og áfangastaði. Mikilvægt sé að vinna með samræmdum hætti í öllum landshlutum að ítarlegri úttekt á auðlindum og innviðum ferðaþjónustu. Tryggt verði fjármagn til að allir landshlutar geti sótt um fé til að vinna slíkar úttektir og því fylgi ráðgjöf til landshlutanna um framkvæmd úttektarinnar.

Með vísun til þessa er ástæða til að vekja athygli á því að á grundvelli verkefnisins um Ísland 2020 eru landshlutasamtök sveitarfélaga nú, í samstarfi við fulltrúa atvinnulífs og stofnana á hverju svæði, að undirbúa sóknaráætlanir landshluta. Þær eiga að fela í sér forgangsröðun og tillögugerð og taka m.a. til menningar- og ferðamálastefnu fyrir viðkomandi svæði¹. Það eru því bein tengsl þarna á milli og nauðsynlegt að samhæfa vinnuna. Sóknaráætlanir landshluta eiga líka að fela í sér tillögur um einföldun og endurskipulagningu á stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar á viðkomandi svæði sem hefur einnig samhljóm við tillögur í ferðamálaáætluninni þar sem fram kemur m.a. að skilgreina þurfi betur rekstur markaðsstofa, upplýsingamiðstöðva og ferðamálasamtaka út um landið og efla og samþætta þessa starfsemi.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Afrit: Landshlutasamtök sveitarfélaga

¹ sjá nánar <http://www.forsaetisraduneyti.is/2020/tillogur/nr/4555>